

Vonarskarð



*Horft til suðurs af Gjóstubrún 22. okt. 2005 kl. 13:17 yfir eyðimörkina í Vonarskarði.
Mynd: Jón Egill Karlsson.*

Efnisyfirlit samantektar GÓP vorið 2010

| | |
|-----------------------------------------------------------|---|
| Náttúra Vonarskarðs..... | 2 |
| Bárðargata - merkustu ferðaminjar Íslandssögunnar | 3 |
| Norðanleiðir til Vonarskarðs | 3 |
| Leiðir um Vonarskarð | 4 |
| Annað land undir fótum og hjólum sunnan Gjóstuklifs | 6 |
| Ferðir um Vonarskarð að fornu og nýju | 7 |
| Bílaferðir almennings | 8 |
| Gönguferðir | 8 |
| Verndari Vonarskarðs er veðurfarið..... | 9 |
| Suðurleiðir úr Vonarskarði..... | 9 |

Náttúra Vonarskarðs

Vonarskarð er gróðurlaus meladalur milli tveggja jökla. Þótt í dalnum séu vatnaskil til norðurs og suðurs er rennslissvæðið breitt og nærri lárétt sem veldur því að vötn eru straumlítill og sandbleytur varasamar mönnum og skepnum. Þrátt fyrir vatnaganginn er Vonarskarð gróðursnauð eyðimörk¹ þar sem enginn grasbítur getur snapað í sig nema sá sem fyrstur kemur síðla sumars í Snapadal² - og stendur stutt við. Á leysingatímum standa vötn hátt, flæmast um tveggja kílómetra breiðan dalbotninn og eira þar engum gróðri.



Horft af Gjóstubrún 22. okt. 2005 kl. 13:16

Til vinstri er Vatnajökull með Bárðarbungu við himin en gróðurlaus fell og tiltölulega mjótt jökulölduland niður að vatnasvæðinu á breiðum dalbotninum. Hægra megin við miðja mynd

¹ Gróðurfur norðan Gjóstu má ókunnur marka af frásögn Haraldar Matthíassonar í Árbók FÍ 1963 á bls. 38: "... við höldum norður úr Gjóstu og leitum tjaldstaðar. Gras er auðvitað hvergi, og eftir skamma leit veljum við tjaldstað austan undir melbarði við Skjálfafljót, skammt norður af Valafelli. Þar er slétt eyri með dálitlum mosagróðri og festingar því lélegar fyrir tjaldhæla. Tjaldeyri er um 910 m yfir sjávarmál."

² Gróðurfur sunnan Gjóstu má marka af frásögn Haraldar í sömu bók á bls. 56: "Framundan okkur blasir við dalverpi vestan undir Deili, milli" (Eggja) "og suðausturálmú Göngubrúnar. Dalbotninn er iðgrænn yfir að líta, og stingur það mjög í stúf við svartan sandinn annars staðar í Vonarskarði. Gróðurinn reyndist þó öllu minni en við héldum. Græni liturinn stafar mest frá mosa, sem þekur allan dalbotninn. Gras sést þó, en ekki er það mikið. Gróður þessi stafar vafalaust af ívolgum vatnsrásum, sem kvíslast um sendinn dalbotninn. Ekki væri þetta góður hagi svöngum hestum. Samt voru ferðamenn hér með 25 hesta náttlangt 25. júlí 1944. Nú, er við skoðum þennan stað 18 árum síðar, virðast þar fremur snapir en hagar, enda köllum við dalinn Snapadal."

er í fjarskanum Hamarinn í Vatnajökli. Nær hefjast vesturfjöll Vonarskarðsins með Svarthöfða og Kolufelli sem er stærra og hærra. Þar tekur Skrauti við og er allur ljósari. Deilir er dökkur og mun lægri lengst til hægri. Á móts við hann eru vatnaskilin. Austan (hér vinstra megin) við Svarthöfða er "þar sem Kaldakvísl kemur úr Vonarskarði."



Bárðargata - merkustu ferðaminjar Íslandssögunnar

Sagan af för Bárðar úr Bárðardal suður í Fljótshverfi³ berst íslenskri skólaæsku til eyrna á ævintýraþyrstasta æviskeiðinu⁴. Ævintýraleiðir lífsins eru margvíslegar en fjölmargir hneigjast til ferða um hálendið og þeim er Vonarskarð bæði hinn huglægi og landfræðilegi miðpunktur. Hér verður stuttlega fjallað um leiðir úr norðri áður en sjónum verður sérstaklega beint að Vonarskarði sjálfu. Að lokum verða nefndar leiðir til suðurs.

Norðanleiðir til Vonarskarðs

Góa er fimmti mánuður vetrar í gamla norræna tímatalinu og hefst á sunnudegi í átjándu viku vetrar, eða 18. til 24. febrúar. Vorið 2010 - þegar þessi samantekt er rituð - reyndist veðurfar á Góu ekki vænlegt til ferðalaga. Þrátt fyrir almannaróm um hlýnun jarðar næstliðinn áratug

³ Í Landnámu segir: "Bárður, sonur Heyjangurs-Bjarnar, kom skipi sínu í Skjálfandafljótsós og nam Bárðardal allan upp frá Kálfborgará og Eyjadalsá, og bjó að Lundarbrekku um hríð. Þá markaði hann af veðrum að landviðri voru betri en hafviðri og ætlaði af því betri lönd fyrir sunnan heiði. Hann sendi sonu sína suður um góu. Þá fundu þeir góubeytla og annan gróður. Vorið eftir gerði Bárður kjálka hverju kvikindi, því er gengt var, og lét hvað draga sitt fóður og fjárhlut. Hann fór Vonarskarð, þar er síðan heitir Bárðargata. Hann nam síðan Fljótshverfi og bjó að Gnúpum. Þá var hann kallaður Gnúpa-Bárður."

⁴ Haraldur Matthíasson segir í Árbók FÍ 1963 - á bls. 10: "Þegar ég á barnsaldri las fyrst Landnámu, varð þessi saga mér minnisstæðari en allt annað efni hennar, frásögnin um landnemann, sem heillaðist svo af hlýjum sunnan vindum, að hann lagði upp í hinn tvísýnasta búferlaflutning, sem átt hefur sér stað á Íslandi."

gengu þetta árið yfir landið vetrarveður með frostum og fannkyngi svo að ekki var fýsilegt til rannsóknarferðar frá Lundarbrekku í Bárðardal suður um fjöll. Það leiðir hugann að mun hlýrri tímum í árferði á Íslandi fyrir 1000 árum þegar Vatnajökull var klofinn og Tungnaárjökull ekki til - og Bárðarsynir lagðir af stað suður með Skjálfandafljóti. Fyrsta úrlausnarefnið er hvernig komast má vestur yfir það. Best er að fara það á ísi - og til þrautavara á jökli ofan við framrás þess. Samtímafólk vissi allt um ferð þeirra og héraðspiltar sjálfsagt lengi síðar farið úr byggð beggja vegna jökulárinnar suður til Vonarskarðs - þótt slíkar ferðir hafi fallið niður þegar vetur urðu harðari og afkomustritið meira.

Leiðir um Vonarskarð





Fossinn Gjallandi í Skjálfandafljóti.



*Horft til Hníflanna. Mynd: PÖP.
Fjar ber hæst Innsta Bálkafell 1228 m.*

Greið - og tæplega 20 km löng - er Gjóstuleið frá Fossaleiti suður á Gjóstubrún. Ferðamenn leggja þó frekar leið sína fyrst að fossinum Gjallanda sem er einn af sjálfsgögðum skoðunarstöðum svæðisins. Harðir melar eru alls staðar undir á þessu svæði og góðar leiðir að Skjálfandafljóti bæði að Tjaldeyri og á þau svæði þar sem leita varð vaða áður en brú var byggð yfir fljótið. Afar góð leið er að Hnýflunum og úrvals náttúrugert bílastæði á milli þeirra. Allar þessar leiðir verða frostleysufærar síðsumars og eru á sumarferðarlista Vegagerðarinnar.



Horft til suðurs af Gjóstubrún. Lengst til vinstri sést í Kolufellið. Næstur er Skrauti yfir hinum dökka Deili. Bak við hann gengur Snapadalur til suðvesturs. Þar eru heitar uppsprettur. Topparnir á hæðunum sem eru hægra megin heita fjærst Eggja en nær og stærst er Laugakúla. Milli þeirra er háhitasvæði. Lengst til hægri er upphaf Rauðukúlu. Norðan hennar eru upptök Rauðár en mennina ber í ísað rennsli hennar. Myndin er tekin 22. okt. 2005 kl. 13:15.



Á leið niður Gjóstuklif 22. okt. 2005 kl. 13:30. Mynd: Pétur Örn Pétursson.

Gjósta er fjallaskarð í um 1040 metra hæð yfir sjó. Austan þess er Valafellið tæplega 1200 metra hátt en vestan þess lyftast upp undirhlíðar Tungnafellsjökuls. Ekki þarf mikinn andvara til að gjóstur verði umtalsvert í þessu skarði sem af því dregur nafn sitt. Fram af skarðinu til suðurs er brött melbrekka sem nefnist Gjóstuklif og var fyrst erfið bílum á norðurleið en á næstliðnum 15 árum hefur umferðin náð að velja um hana ágæta kambaleið.

Annað land undir fótum og hjólum sunnan Gjóstuklifs

Umskipti verða á ferðaleiðum þegar komið er niður Gjóstuklifið. Á síðustu árum hafa einstaka fámennir gönguhópar látið aka sér í Gjóstu og valið sér þaðan bílaleiðina eða fjallshlíðina. Hér verða skoðaðar bílaleiðirnar sem bundnari eru við sléttara land og enn meiri aðgát við bleytum.



Myndin er tekin 22. okt. 2005 kl. 14 til norðurs upp Gjóstuklif til Gjóstu. Valafell til hægri.

Vegalengdin frá rótum Gjóstuklifs suður að vaðinu á Köldukvísl við Svarthöfða er um 9 km fyrir fuglinn fljúgandi en hér þarf ferðamaðurinn að gæta fóta sinna, reiðskjóta og farartækis að lenda ekki í kviku og sandbleytum. Leiðin liggur í brekkurótum og yfir deigjur og sandbleytuflæmi þar sem færðin fer eftir vatnsstöðu hverju sinni. Þannig tognar úr leiðinni svo hún allt að tvöfaldast ef farin er öruggasta melaleiðin suðaustur norðan Deilis og síðan suður að vaðinu.⁵

Önnur leið liggur vestan Deilis að mynni Snapadals, svo suður með Skrauta og Kolufelli og þaðan austur á melinn við vaðið. Sú leið er lítið lengri en mun seinlegri yfirferðar.

Ferðir um Vonarskarð að fornu og nýju

Hvert samfélag þekkir til þeirra samtímamanna sem öruggast er að leita til með erfið ferðaerindi. Afrek þeirra kunna að rata í minni nærstaddra en ekki - hvernig þeir öfluðu sér þeirrar þekkingar sem til þurfti, hvar þeir áður höfðu farið og í hverju lent. Sá sem fer um hálendið og milli jökla sér sjaldnast merki eftir mannaferðir síðasta sumars.

⁵ Almennt má ætla að deigsendi sem heldur gangandi manni alla leið yfir - megi aka á fjórdrifsbíl með því að halda nokkrum hraða - þeim mun greiðar sem deigara er.

Lítt eru þekktar ferðir manna um Vonarskarð allt frá landnámstíð⁶. Vissulega voru afréttarlönd smöluð og strokudýra leitað. Það voru nytjaferðir. Hinir þóttu undarlegir sem fóru um fjöllin til að eiga þar unaðsstundir og lífsfyllingu í því einu að njóta náttúrunnar og fara leiðirnar - án þess að hafa með sér veiðistöng að tæla vatnamurtur eða byssur að skjóta fugla og án þess að iðka hreystigöngur eða hetjumennsku - aðra en þurfti til að komast aftur heim. Einmitt þeir fara víðast en ræða ferðir sínar aðeins við þá sem þeir vita að til þekkja.

Bílaferðir almennings

Fyrsta bílferð sem ritara er kunnug suður Vonarskarð var farin árið 1950. Þá fór þar á fjórum jeppum átta manna hópur sem nefndi sig *Minnsta Ferðafélagið (M.F.F.) - sjá Árbók Ferðafélags Íslands árið 1951 - bls 165*. Þeir luku hálfsmánaðar óbyggðaferð sinni með því að taka veigamikinn þátt í björgunarleiðangrinum frá Akureyri sem sóttíahöfn flugvélarinnar Geysis sem lenti á Bárðarbungu á Vatnajökli 14. september. Sjá nánar um þann þátt í bók Andrésar Kristjánssonar, *Geysir á Bárðarbungu*, útg. Skuggsjá 1963.

Þegar þetta er ritað - vorið 2010 - eru ritara ekki tiltækar heimildir um hversu mikil umferð var um skarðið⁷ fyrir árið 1950. Veðurhamur og vetraröfl svæðisins má út mest öll merki umferðar sumarsins allt frá Gjóstu suður til Jökulheima og eru veðrin þó stríðust hið efra.

Einu vissu ferðamerkin sjást í grýttum melum - eins og Gjóstuklifi, en senn eru 10 ár síðan þar fór að myndast ferðamannaleið bílfær upp og niður. Það merkir töluverða umferð þegar hafa má til viðmiðunar að í einni ferð í hvössu blautviðri í hlýjum september árið 1990 fóru þar 16 bílar með 65 manns og eftir þá ferð var engin ummerki að sjá í Vonarskarði sunnan Gjóstu þegar nokkrir sömu ferðafélaga voru þar aftur á ferð sjö árum síðar.⁸ Þótt lítt marki í hafa hundruð manna farið hér akandi. Þetta er hrífandi leið sem tengir ferðamanninn sögu landsins og raunveruleika hálendisins og hleður í sálina fjölbreyttri og ómetanlegri lífsfyllingu.

Gönguferðir

Gönguferðir hafa ætíð verið út frá gististöðum á hálendinu - svo sem frá Nýjadal inn í Vonarskarð og þá helst til jarðhitasvæðisins við Eggju. Ætla má að þar hafi árlega verið á ferð allt frá engum til svo sem hálf hundraðs manna. Það á raunar einnig við nú á síðustu árum þótt með séu taldir þeir sem láta aka sér að norðan í Gjóstu og sækja sig sunnan Svarthöfða. Leiðsagðar gönguferðir frá Gjóstu suður til Jökulheima og Veiðivatna hafa nokkrum sinnum verið kynntar og jafnvel gengnar og er það vel því þetta er tilkomumikið landsvæði. Fyrstu

⁶ Lítið er vitað um ferðir um Vonarskarð frá landnámstíð til 18. aldar þótt Haraldur Matthíasson fullyrði í Árbók FÍ 1963 að þar hafi enginn farið eftir Bárði uns Björn Gunnlaugsson fór þar í ágústbyrjun árið 1839. Rímar það ekki sérlega vel við þá stadreynd að Landnáma segir: "... hann fór Vonarskarð, þar er síðan heitir Bárðargata.". Ekki er síður trúlegt að ferðadirfska Bárðar með búsmala sinn og búslóð hafi kallað fleiri til að fara létta búna að skoða leiðina - sem annars hafði enga þörf fyrir sérstakt heiti. Það hefur til dæmis þurft að ganga úr skugga um að þarna leyndist ekki þægilegri leið til Þingvalla heldur en sú sem farin hafði verið.

⁷ Í júliflok 1962 er Haraldur Matthíasson á leið suður Vonarskarð. Í Árbókinni á bls. 37 segir hann: "Við höldum nú sem leið liggur suður eftir Vonarskarði og öllum rakleitt suður í Gjóstu til þess að litast um. Lengra komast ekki bílar þá leið, því snarbratt er ofan úr skarðinu sunnan megin, og kallast Gjóstuklif." Þessi tilvitnun er gott dæmi um upplýsingar okkar um ferðir annarra um hálendið. Við vitum næsta lítið um þær. Það er vegna þess að menn segja lítið af ferðum sínum nema við aðra sem þeir þekkja - og sem ferðast einnig. Mest vita þeir sem oftast fara og víðast og sem flestir þekkja til. Mesta vitneskjan er auk þess ekki alltaf mikil og ekki alltaf mikill hluti hinnar raunverulegu heildar. Raunar var ferðaleið M.F.F. í skarðið niður ólíkt brattari brekkur.

⁸ Í ár eru 60 ár frá suðurferð M.F.F. en 48 ár frá því að Haraldur sá engin merki bílaumferðar undir Gjóstu. Stuttu sunnar eru bleytur þar sem M.F.F. hafði djúpt. Ummerki þess hafa sjálfsagt ekki varað lengi.

skipulegu gönguferðirnar munu hafa verið farnar með erlenda gönguhópa nokkru fyrir 1990 og var þá fluttur inn að Sylgjufelli óhrjálegur gámur til skjóls í áfangastað. Hann er löngu fjarlægður og kominn í staðinn góður skáli sem er í einkaeigu og nefnist Sylgjufell. Í fáein ár voru stopular ferðir fámennra hópa enda þarf þjálfaða gönguþróttamenn til að halda út slíkar langferðir - jafnvel þótt ekki sé allt borið á bakinu.⁹

Verndari Vonarskarðs er veðurfarið

Auðvitað eru allar þekktar tegundir veðra í Vonarskarði - en að auki nokkrar tegundir sem byggðafólk þekkir ekki úr sinni heimasveit. Frost getur hæglega orðið yfir 30 gráður og hvassviðri verða slík að á hálf tíma hreinsar sandburður allt lakk af bíhlið. Allt lauslegt feykist. Grófari möl og smásteinar, ísabrot og jakaruddi. Merki mannaferða, gangandi, ríðandi eða akandi mást út í einu slíku áhlaupi - hvað þá á heilum vetri. Á leysingatímum eru ísastíflur sem umbreyta botni dalsins í straumaiður sem öllu róta svo enginn grænn fermetri á sér þar vísan sama sumarlit. Jafnvel stíflugarður Landsvirkjunar dugði þar aðeins fram á sinn fyrsta og eina vetur.

Það er ekki á mannlegu færi að leggja mosateygingum og stingandi stráum lið gegn náttúruöflunum í Vonarskarði. Um leið vernda náttúruöflin form Vonarskarðs eins og það er.

Suðurleiðir úr Vonarskarði



Horft norður eftir Köldukvísl til suðurvarðar Vonarskarðs, hins snæljósa Svarthöfða. Kolufell til vinstri.

hafa bílarnir gert þær báðar að almannaleiðum.

Fyrir þúsund árum voru jöklar minni og með öðrum hætti en núna og því ekki augljóst án rannsókna hvernig vötn hafa þá legið eða hversu vatnsmikil. Ljóst er þó að engir jökulsporðar hafa stíflað útrennsli úr skarðinu - hvorki til norðurs né suðurs. Sá sem kominn er suður fyrir Svarthöfða á tveggja kosta völ. Þeir sem forðum riðu suður til þings hafa haldið vestur til núverandi Sprengisandsleiðar og svo áfram til vaðs á Þjórsá. Bárður hefur hins vegar haldið suður austan Köldukvíslar. Þessar leiðir hafa ætíð verið uggvænlegar vegna mikilla fjarlægða en frá miðri síðustu öld

⁹ Því miður er enn misbrestur á að göngumenn gæti þess að hafa GPS-tæki með sér. Öllum er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að þótt nú sé kominn 21. öldin eru öræfin alltaf söm við sig og jafn lífshættuleg yfirferðar sem áður ef hjálpartæki nútímans hætta að virka. Þar segir fátt af einum - villtum.



*Horft austur yfir vað á Köldukvísl sunnan Svarthöfða 22. okt. 2005 kl. 14:31.
Köldukvíslarjökull í baksýn.*

Hér skiptast leiðir. Austan megin ár liggur leiðin suður með Vatnajökli til Jökulheima en vestan megin á Sprengisandsleið hjá Syðri Hágöngu.

* * *

21. júní 2010

Samantekt þessi fylgir athugasemdum við vegahluta auglýstrar Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulshjóðgarðs frá maí 2010. Ómerktar myndir hef ég sjálfur tekið. Samstofna upplýsingar eru á <http://GOPfrettir.net/Vonarskard/>. Pdf-skráin er sótt á netið hér >> GOPfrettir.net/skrar/Vonarskard.pdf

Gísli Ólafur Pétursson, kt. 310340-4999

*Grenigrund 2B
200 Kópavogur*

--

Símar: 895-0300 og 554-2462

Netfang: GisliOlafur@gmail.com

Vefur: GOPfrettir.net